

- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn á leikvelli, skóla, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvara er um hönd höfð.
- e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatt) svo og fyrirætlum, er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Seltjarnarness, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 24. mars 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Hólmavíkurhreppi.

1. gr.

Hólmavíkurhreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupsinsins. Fer hún fram undir stjórn sveitarstjórnar og með umsjón heilbrigðisnefndar Hólmavíkurhrepps.

2. gr.

Sérhver húseigandi eða leigjandi í Hólmavíkurhreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og tæki við sorpgeymslu og hreinsun, sem sveitarstjórnin ákveður.

3. gr.

Sérhver húseigandi, sem notast við sorphreinsun sveitarfélagsins skal greiða þau gjöld vegna sorphreinsunar, sem sveitarstjórn ákveður.

4. gr.

Sorpið, sem sett er í sorpílátin má vera allt venjulegt heimilissorp. Meðal sorps, sem ekki má setja í sorppoka, er mold, mól, grjót, mykja, byggingarsorp, (tímur, múrblokkir) og stærri trjágreinar.

5. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim þegar skipt er um poka. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppoka.

6. gr.

Pakka skal inn beittum og oddhvössum hlutum s. s. glerbrotum, áður en þeir eru settir í sorppokana.

7. gr.

Bannað er að setja eldfima vökva s. s. oliu og bensin í sorpilát, hvort sem er laust eða í umbúðum.

8. gr.

Sorphreinsun fer ekki fram á helgidögum eða eftir kl. 23 á virkum dögum. Sorphreinsun skal framkvæmd minnst 36 sinnum á ári.

9. gr.

Kvörtun vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til sveitarstjórnar.

10. gr.

Minnst einn sorppoki skal vera fyrir hverja fjölskyldu.

11. gr.

Hverjum íbúðareiganda ber að sjá til þess, að alltaf sé til nóg af pokum svo að þeir yfirfyllist ekki milli tæminga.

12. gr.

Sorppokar eru afhentir við hverja tæmingu, en aðrar gerðir poka má ekki nota.

13. gr.

Sorppokarnir skulu vera í sorpgrindum, sem sveitarstjórnin hefur samþykkt, sorpgrindur skulu vera á stöðum sem eru aðgengilegir fyrir sorphreinsunarmenn á lóð húss þess, sem þær tilheyra. Hafa skal greiðfæran stíg ca. 90 cm breiðan að sorpgrind. Sveitarstjórn er heimilt að taka sérstakt gjald ef sorpstaða er mjög óaðgengileg. Sorpgrindaeigendur verða að sjá um að hafa grindurnar í góðu ásigkomulagi og endurnýja þær ef þörf þykir.

14. gr.

Ef sorpið er svo mikið eða í því formi, að ekki hæfi viðurkenndum sorpilátum skal húseigandi annast sorphreinsun eða senda inn beiðni þess efnis að sveitarfélagið annast hreinsunina gegn sérstöku gjaldi.

15. gr.

Mold, mól, grjót og svipuð efni, sem ekki má setja í sorppoka, skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar, sem gilda um þess konar efni.

16. gr.

Billræ og brotajárn skal flytja á afmarkað svæði sem sveitarstjórn ákveður.

17. gr.

Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppokana.

18. gr.

Fyrirferðarmiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku skulu forráðamenn heimila og atvinnurekstrar koma á sorphreinsunartæki, þegar sorphreinsun fer fram, eða í sorphaugsstað skv. fyrir mælum sveitarstjórnar.

19. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs áætlað kostnaðarverð þeirra sorppoka, sem viðkomandi fasteign eyðir á árinu.

20. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri reising liggir við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

21. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 24. mars 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

AUGLÝSING

um friðland á Hornströndum.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa svæðið norðvestan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu, og er það friðland.

Mörk svæðisins eru þessi:

Úr botni Hrafnarfjarðar um Skorarheiði í botn Furufjarðar, lína um Skorarlæk frá ósi í Skorarvatn og meðfram suðurströnd vatnsins, en síðan bein lína úr austasta hluta vatnsins í þá kvísl, við upptök, sem næst gengur vatninu og fellur í Furufjarðarós, ásamt 200 m breiðri spildu þar suður af.

Reglur þessar gildi um svæðið:

1. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115 m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Umferð vélknúinna farartækja á landi utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema með leyfi Náttúruverndarráðs.
3. Leyfi landeiganda, sem í hlut á, þarf til allra veiða, eggjatöku og annarra hlunnindanytja á svæðinu. Leyfi Náttúruverndarráðs þarf ef eigi er um að ræða bundnar nytjar, svo sem viðhald túna og garða.